

Fundur haldinn á skrifstofu Ásahrepps, föstudaginn 10. apríl 2026, klukkan 11:00

Mætt, Kristín Ósk Ómarsdóttir, formaður kjörnefndar Ásahrepps, Hulda Brynjólfsdóttir og varamaður Ása Ljungberg í forföllum Benedikts Elvars Jónssonar. Hulda Brynjólfsdóttir ritar fundargerð.

Til fundarins var boðað samkvæmt auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins til móttöku á framboðslistum vegna sveitarstjórnarkosninga sem fara fram þann 16. maí 2026. Frestur til að skila inn framboðum rennur út á hádegi, klukkan 12:00, í dag 10. apríl.

1. Engir framboðslistar bárust fyrir klukkan 12:00. Því fara fram óbundnar kosningar í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði 49. gr. Kosningalaga nr. 112/2021.
2. Fyrir lok framboðsfrests bárust tvö erindi frá einstaklingum sem skorast undan endurkjöri í samræmi við ákvæði 49. gr. Kosningalaga nr. 112/2021.

Eftirtaldir aðilar uppfylla skilyrði um að skorast undan endurkjöri:

Þráinn Ingólfsson, Lækjartúni 2

Nanna Jónsdóttir, Miðhól

3. Ákveðið að kjörfundur fari fram í Miðgarði á Laugalandi, laugardaginn 16. maí klukkan 10:00-18:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:10

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Hulda Brynjólfsdóttir

Ása Ljungbjerg